

Ed.

370. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Stjórnarráðið skipar yfirmatsnefnd til þess að endurskoða og samræma hið nýframkvæmda mat allra fasteigna í landinu. Í nefndinni eiga sæti 3 menn, og er einn þeirra formaður, er stjórnarráðið skipar. Nefndin getur krafizt allra upplýsinga um matið frá matsnefndum, er hún telur nauðsynlegar, og skulu nefndarmenn láta þær í té ókeypis. Yfirmatsnefnd skal hafa lokið störfum sínum svo snemma, að hún hafi sent stjórnarráðinu hið endurskoðaða mat fyrir 1. okt. 1931. Stjórnarráðið setur nánari reglur um starf nefndarinnar.

2. gr.

Eftir að yfirmatsnefnd landsins hefir endurskoðað fasteignamatið, lætur landsstjórnin semja fasteignamatsbók fyrir allt landið. Gildir hún frá 1.

febr. eftir að matinu er lokið, í fyrsta sinn frá 1. febr. 1932 til þess tíma, er nýtt fasteignamat kemur í gildi. Fasteignabókin skal löggilt af stjórnarráðinu, prentuð og send ókeypis öllum þeim, er fá Stjórnartíðindin kauplaust.

3. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 47, 28. nóv. 1919, um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat, úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nú þegar fasteignamatinu er að verða lokið, virðist það koma í ljós, að nauðsyn beri til þess, að nefnd sé skipuð til að endurskoða það og færa til samræmis, ef þurfa þykir. Með lögum nr. 47 1919 var sett yfirmatsnefnd til þess að athuga og samræma fasteignamatið, sem fram fór 1916—18, en ákvæði þeirra laga geta ekki gilt fyrir það mat, sem nú hefir verið framkvæmt. Þess vegna er nauðsyn á nýrri löggjöf um þetta efni.